

# Gjaldskrá Snæfellsbæjar

## fyrir byggingarleyfis-, þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjöld

1. gr.

### Almenn ákvæði

- Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.
- Tekjum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.
- Gjaldtakan er byggð á heimild í Mannvirkjalögum nr. 160/2010 og Skipulagslögum nr. 123/2010.
- Gjaldtaka samkvæmt Mannvirkjalögum, IX. kafli, gjaldtaka og leyfisgjöld, greinar 50, 51 og 53. Í gjaldskránni kemur fram að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skal greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Umhverfis- og skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnað breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið. Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyptrar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á viðbótargjald skv. reikningi.

2. gr.

### Byggingarleyfisgjald

- Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða gjöld fyrir útgáfu á byggingarleyfum sem skipulags- og byggingarfulltrúi/ umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir og fengið hefur staðfestingu bæjarstjórnar.
- Gjald miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfis-gjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna áfangaúttektu, fokheldisvottorðs, öryggisúttektar og lokaúttektar.
- Byggingarleyfisgjald samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða við veitingu byggingarleyfis.
- Úttektir á verkþáttum eru lögbundnar sbr. 3.7.5 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 16 gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Fyrir byggingarleyfi skv. 9. gr. sbr. 51. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010, skal greiða eftirfararandi gjöld:

Byggingarleyfisgjöld	kr.
Nýbyggingar og að auki fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar Byggingar samkvæmt *merktum lið hér að neðan, eiga ekki við þessa grein.	137.500.- 135.-
Stækkun á eldra húsnæði, fyrir hvern fermetra skal greiða.	385 kr.-
Breytingar á húsnæði eða notkun þess, rif á húsi eða mannvirki, gerð bifreiðastæða eða önnur mannvirki sem hafa áhrif á útlit umhverfisins.	11.150.-
*Byggingar utan þéttbýlis, aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum búskap s.s. sumarbústaðir, orlofsbúðir, veiðihús, fjallaskálar, skíðaskálar ofl. Fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar skal greiða:  Endurnýjuð, óbreytt leyfisgjöld. Leyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan árs, eða hefur verið fellt úr gildi.	520.-  11.150.-

3. gr.

### Þjónustugjald

- Afgreiðslugjald skv. 20. gr. skipulagslagar er greitt við móttöku umsóknar um byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins. Gjaldið er ekki endurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir, sbr. 51. gr. mannvirkjalag nr. 160/2010.

Þjónustugjöld	kr.
Fyrirspurn/ábending	0.-
Afgreiðslugjald	9.120.-
Endurskoðun aðaluppráttá	11.800.-
Áfangaúttekt/stöðuúttekt, skýrsla	22.300.-
Úttekt vegna byggingarstjóraskipta	22.300.-
Úttekt vegna rekstrarleyfis	10.850.-
Húsaleiguúttektir á íbúðarhúsnæði	22.300.-
Húsaleiguúttektir á atvinnuhúsnæði	31.200.-
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 1-5 fastanúmer í húsi	28.200.-
Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsingar, hvert fnr. > 5	3.960.-
Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar, óendurkræft	25.500.-
Grenndarkynning, minniháttar	18.250.-
Grenndarkynning, umfangsmikil	54.450.-
Breyting og gerð á nýjum lóðarleigusamningi	34.300.-

Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	25.350.-
Aukaúttekt	11.100.-
Aukamæling á útsetningu húss	47.700.-
Stöðuleyfi á skipulögðum geymslusvæðum	25.350.-
Tímabundin stöðuleyfi með byggingarleyfi til eins árs	52.700.-
Stöðuleyfi án byggingarleyfis (20 ft. gámar, bátar, o.fl.) *	73.000.-
Stöðuleyfi 40 ft. gámar *	94.300.-
Stöðuleyfi vegna söluvagna yfir sumarmánuði*	187.500.-
Ljósritun A4 – A1 pr. eintak	50-400.-
Stöðuleyfi fyrir báta á skipulögðum geymslusvæðum	gjaldfrjálst

\* Byggingarfulltrúi hefur heimild til að innheimta gjald, vegna stöðuleyfis, hafi ekki verið sótt formlega um stöðuleyfi eða það ekki verið endurnýjað á tilskildum tíma.

#### 4. gr.

#### Framkvæmdaleyfisgjald

- Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu, sbr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Bæjarstjórn er heimilt að innheimta framkvæmdaleyfisgjald fyrir framkvæmdir sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir, svo og fyrir eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum. Gjaldið má ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins og eftirlitisins, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar þjónustu. Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á henni vegna lyfisskyldra framkvæmda getur sveitarstjórn innheimt gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynlegt er vegna þeirrar framkvæmdar. Gjaldið skal ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við skipulagsgerðina, kynningu og auglysingu skipulagsáætlunar. Bæjarstjórn setur þessa gjaldskrá um innheimtu framkvæmdaleyfisgjalda, skv. 1. og 2. mgr. 20. gr. laganna.

Fyrir framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. sbr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir:

Framkvæmdaleyfisgjöld	kr.
Afgreiðslugjald við móttöku framkvæmdaleyfisumsóknar	9.120.-
Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar	11.150.-
Lágmarksgjald framkvæmdaleyfis	40.560.-

- Skipulags- og byggingarfulltrúi áætlar fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.
- Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.

- Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 með síðari breytingum, er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitafélagsins vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfis.

## 5. gr.

### Skipulagsvinnugjald

- Umsýslu- og auglýsingakostnaður; kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

*Fyrir skipulagsvinnu samkvæmt 13. gr. sbr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir:*

Skipulagsvinnugjöld	kr.
Umsýslugjald vegna aðalskipulagsbreytinga	57.300.-
Umsýslugjald vegna annarra skipulagsmála	45.630.-

- Þeirri meginreglu skal fylgt að sæki aðili um lóð eða byggingarleyfi sem hefur í för með sér breytingu á aðal- og /eða deiliskipulagi, skal umsækjandi greiða þann kostnað sem hún hefur í för með sér þ.m.t. kostnað vegna uppdrátta og auglýsinga. Víkja má frá þessari reglu ef viðkomandi skipulag er til endurskoðunar eða þarfast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað.

## 6. gr.

### Gjalddagi, lögveð og verðbætur.

- Gjalddagi afgreiðslugjalda er við afgreiðslu umsókna.
- Gjalddagi leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.
- Gjalddagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.
- Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi falli úr gildi eða umsókn dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.
- Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjármámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

- Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari reiknast upp miðað við vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma miðað við grunnvísitölu 148,4 október 2020.

7. gr.

### Gildistaka

- Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. IX. kafla laga um mannvirki, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

8. gr.

### Gildistaka o.fl.

- Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 10. desember 2020, er í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.
- Með samþykkt gjaldskrár þessarar fellur úr gildi eldri gjaldskrá dagsett 12. nóvember 2019 fyrir byggingarleyfis -, þjónustu og framkvæmdaleyfisgjöld í Snæfellsbæ. Stjórnartíðindanúmer 1158/2011.

Snæfellsbæ, 10. desember 2020

Kristinn Jónasson

